

Skólanámskrá

2021 – 2022



Nám og kennsla

2. bekkur

Umsjónarkennarar
Hafdís Björg Ástráðsdóttir
Kristín Þórunn Kristinsdóttir

Efnisyfirlit

Bakgrunnsupplýsingar.....	3
Viðmiðunarstundaskrá fyrir 2. bekk.....	3
Læsisstefna Njarðvíkurskóla	3
Námsmat.....	3
Lykilhæfni	4
Íslenska.....	4
Stærðfræði	5
Samfélagsgreinar	6
Náttúrugreinar	8
Heimilisfræði.....	9
Hönnun og smíði	9
Myndlist	10
Textílmennt	11
Upplýsinga- og tæknimennt	11
Skólaíþróttir.....	12
Fjölgreindarval	14
Forskóli Tónlistarskóla Reykjaneshæjar	14
Listir	15

Bakgrunnsupplýsingar

Umsjónarkennarar 2. bekkjar eru Hafdís Björg Ástráðsdóttir og Kristín Þórunn Kristinsdóttir. Heimastofur eru 201 og 202. Stuðningfulltrúar eru Birta Sóley Daníelsdóttir, Elva Rún Davíðsdóttir og Sonja Bjarney Róbertsdóttir Fisher. Nemendur fá 30 kennslustundir á viku.

Aðrir kennarar:

-  Íþróttir – Ásgerður Bjarklind Bjarkadóttir
-  Sund – Margrét Ólöf Richardsdóttir
-  Heimilisfræði – Gunnhildur Gunnarsdóttir
-  Textílmennt – Margrét Sigrún Þórólfsdóttir
-  Hönnun og smíði – Svandís Gylfadóttir
-  Myndlist – María Isabel Fisher
-  Forskóli – Geirþrúður Fanney Bogadóttir

Viðmiðunarstundaskrá fyrir 2. bekk

-  Íslenska – 7 stundir
-  Stærðfræði – 5 stundir
-  Samfélagsgreinar – 4 stundir
-  Náttúrufræðigreinar – 2 stundir
-  Íþróttir/sund – 3 stundir
-  List- og verkgreinar – 4 stundir
-  Upplýsingar- og tæknimennt – 1 stund
-  Fjölgreindaval – 2 stundir
-  Forskóli / listgreinar – 2 stundir

Samtals: 30 stundir á viku

Læsisstefna Njarðvíkurskóla

Læsisstefna Njarðvíkurskóla er lifandi plagg í stöðugri þróun og endurskoðun. Læsisstefnan krefst sameiginlegrar sýnar þeirra sem fylgja henni eftir og vinna markvisst eftir stefnunni. Hún er höfð að leiðarljósi í skólastarfinu hjá nemendum í 1.-10. bekk. Læsisstefna lýsir ákveðnum stíganda í læsisnámi nemenda frá upphafi til loka grunnskólagöngu. Nálgastrá má Læsisstefnu Njarðvíkurskóla á heimasíðu Njarðvíkurskóla.

Viðmið í maí vegna orðafjölda í lesfimi. Fyrirlögn fer fram í september, janúar og maí.

90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
40	85	100

Lestrarlag nemanda út frá matsramma fyrir lestrarlag er metið í september/janúar/maí (tjáning og raddstyrkur, hendingar, flæði og hraði). Í matsrammanum er merkt við í þann reit rammans sem lýsir frammistöðu nemanda á hverjum matsþætti fyrir sig. Nemandi getur fengið á bilinu 4–16 heildarstig úr rammanum og kemur fram umsögn samkvæmt því – sjá Læsisstefnu Njarðvíkurskóla.

Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum aðalnámskrá grunnskóla í öllum greinum. Ekki er gefin einkunn fyrir verkefni heldu aðeins Lokið og Ólokið. Til að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér fyrir neðan.

-  Ólokið ef nemandi tók ekki þátt í eða náði ekki að ljúka við verkefni sökum t.d. fjarvista.
-  Hæfni ekki náð ef nemandi vann með ákveðið hæfniviðmið en náði ekki tökum á því.
-  Þarfnast þjálfunar ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði sem unnið hefur verið með.
-  Á góðri leið ef nemandi þarf bara ögn meiri vinnu með hæfniviðmiðið til þess að ná því.
-  Hæfni náð ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
-  Framúrskarandi ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur.

Lykilhæfni

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Njarðvíkurskóla. Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

Íslenska

Hæfniviðmið Í aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í íslensku fyrir 1.-4. bekk í fjóra þætti; Talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Talað mál, hlustun og áhorf	- tjáð sig fyrir framan hóp - hlustað á aðra í hópi og meðtekið upplýsingar - tekið virkan þátt í umræðum þegar við á - komið þekkingu sinni á framfæri - sagt frá atburðum og endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið - unnið með öðrum í stórum og litlum hópum - nýtt sér leiðsögn
Lestur og bókmenntir	- nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu hans út frá samhengi - beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr - aukið leshraða sinn og lesskilning með fjölbreyttum verkefnum - valið sér lesefni eftir áhuga, lesið sögur, ljóð og fræðandi efni sem hæfir lestrargetu sér til ánægju og skilnings - beitt einföldum bókmenntahugtökum t.d. persónu og umhverfi í sögu - lesið úr táknmyndum og myndrænu efni
Ritun	- dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega - nýtt þekkingu á grunnþáttum í uppbyggingu texta s.s. upphaf, meginmál og niðurlag - samið texta frá eigin brjósti - sögu, ljóð eða skilaboð - beitt einföldum stafsetningarreglum
Málfræði	- þekki hljóð bókstafanna, bókstafi, sérhljóða, samhljóða, orð, samsett orð, setningar, samheiti og andheiti - geti raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag - kynnast nafnorðum, lýsingarorðum og sagnorðum - þekki mun á samnöfnum og sérnöfnum

	• geti búið til setningar • leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma
--	--

Kennslufni og kennslugögn

Lestrarbækur við hæfi hvers og eins

Litla Lesrún (lesa – skilja – læra)

Orð og setningar lestrarvinnubók

Ritrún 2

Ítalíuskript (Úr kroti í skrift)

Skrift 2

Ýmis ljósrit af vefnum (t.d. skolavefurinn.is/ kennarinn.is/ fjölbreyttar kennsluaðferðir) og efni frá kennara (t.d. 100 algengustu orðin)

Kennsluhættir og námsaðlögun

Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir til að koma til móts við nemendahópinn. M.a beina kennslu (innlagnir), sýnikennslu, endurtekna þjálfun, hópavinnu, leiki, stöðvavinnu, útikennslu og umræður.

Mikil áhersla verður lögð á lesfimi og lesskilning. Nemendur lesa daglega upphátt í skólanum og reglulega í hljóði í yndislestrarbók. Lesið verður daglega fyrir nemendur, bæði til skemmtunar og fróðleiks.

Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara og einstaklingsinnlagnir.

Námsmat

Lesfimi - prófað þrisvar á skólaárinu, metin eru lesin orð á mínútu og lestrarlag.

Lesskilningur - leiðsagnarmat í október og mars og námsmat í janúar og maí, hærri einkunnin gildir sem loka-einkunn.

Málfræði – leiðsagnarmat jafnt og þétt á skólaárinu og yfirlitskönnun að vori.

Stærðfræði

Hæfniviðmið

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmið í stærðfræði sett upp í sjö flokkum. Þrír flokkar snúa að almennum viðmiðum um hæfni í stærðfræði og þeir eru: að geta spurt og svarað með stærðfræði; að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar og vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar. Hinir flokkarnir snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar og þeir eru: tölur og reikningur; rúmfræði og mælingar og tölfræði. Þó flokkað sé á þennan hátt mynda flokkarnir samfellda heild. Unnið er með hvert viðmið fyrir sig en einnig eru þau samþætt í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Að geta spurt og svarað með stærðfræði	• tjáð sig og þekki helstu hugtök stærðfræðinnar • notað ápreifanlega hluti • tengt stærðfræði við daglegt líf
Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar	• notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum í daglegu lífi

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar	• unnið sjálfstætt og í samvinnu að lausnum stærðfræðiþrauta • notað áþreifanlega hluti • notað mismunandi hjálpargögn við lausnir verkefna s.s. smáhluti, kubba, talnagrind og vasareiknir • reiknað í huganum
Tölur og reikningur	• notað einföld stærðfræðitákn s.s. tölur og aðgerðarmerki og tengt það við daglegt líf • notað tugakerfi (þekki einingar, tugi og hundrað) • reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt • gert greinamun á sléttum tölum og oddatölum • leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum
Algebra	• kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum • spáð fyrir um framhald mynsturs
Rúmfræði og mælingar	• notað hugtök úr rúmfræði s.s. form og stærðir • áætlað og mælt lengd, flöt o.s.frv. með einföldum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða • notað speglun, fundið spegilás og samhverfu mynda • hliðrað flatarmyndum sem þekja flöt
Tölfræði og líkindi	• flokkað, talið, skráð og safnað gögnum með fjölbreyttum hætti • gert rannsóknir á umhverfi sínu og sett upp í einfalt myndrit

Kennsluefni og kennslugögn

Sproti 2b og 3a - nemendabók og æfingahefti.

Ítarefni: Stærðfræðispæjarar, Í undirdjúpunum: samlagning og frádráttur.

Námsspil og rafrænt efni t.d. Multi (Sproti) og leikir á mms.is/krakkavefur.

Kennsluhættir og námsaðlögun

Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir til að koma til móts við nemendahópinn. M.a. beina kennslu (innlagnir), sýnikennslu, endurtekna þjálfun, hópavinnu, leiki, stöðvavinnu, útikennslu og umræður. Nemendur fá tækifæri til að nota áþreifanleg stærðfræðigögn s.s. kubba, teninga, málbönd o.fl.

Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara og einstaklingsinnlagnir.

Námsmat

Lotukannanir jafnt og þétt yfir skólaárið yfirlitspróf að vori.

Samfélagsgreinar

Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið í þrjá yfirflokka: reynsluheim; hugarheim og félagsheim. Reynsluheimur felur í sér umhverfi, samfélag, sögu og menningu. Hugarheimur felur í sér sjálfsmynd - hæfni nemandans til að átta sig á sjálfum sér og öðrum. Félagshimur felur í sér

samskipti - hæfni nemandans til að mynda og þróa tengst sín við aðra. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
REYNSLUHEIMUR: Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann	• borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi • áttað sig á að trúar – og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum • áttað sig á gildi samhjálpar í samfélagi • varast hættur á heimili sínu og í umhverfinu
HUGARHEIMUR: Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum	• sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, venjum og siðum • gert sér grein fyrir hvar hans styrkleikar liggja • áttað sig á og geti lýst tilfinningum eins og gleði, sorg og reiði • gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti • geti sett sig í spor annarra jafnaldra
FÉLAGSHEIMUR: Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra	• tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi • áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform og hefur ólíkan bakgrunn • hlustað á ólíkar skoðanir og sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra • áttað sig á ýmis konar afleiðingum athafna sinna • farið eftir reglum í samskiptum við aðra, hvort sem þær eru skráðar eða óskráðar og geti nefnt dæmi um slíkar reglur • áttað sig að einhverju leiti á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum

Kennslufni og kennslugögn

Halló heimur
Blómin á þakinu
Þemaverkefni um hátíðir og hefðir
Vináttuverkefni Barnaheilla – Blær
Hugarfrelsi – hugleiðsla, sjálfsstyrking, jóga, öndun og slökun

Kennsluhættir og námsaðlögun

Fjölbreyttar kennsluaðferðir t.d.: umræður, hópa- og einstaklingsvinna, vettvangsferðir, stöðvavinna, skapandi vinna og samþætting við aðrar námsgreinar.

Markmiðið er að allir nemendur séu virkir þátttakendur í kennslustundum og fái að njóta sín og taka þátt á eigin forsendum.

Námsmat

Leiðsagnarmat, símat

Náttúrugreinar

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í náttúrugreinum í tvo þætti; verklag og viðfangsefni. Þættir eru samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Hæfniviðmið um verklag	
Geta til aðgerða	- hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra - komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu - skipulagt þátttöku í aðgerðum sem bæta nánasta umhverfi - fundið úrlausn á raunhæfu viðfangsefni með leiðsögn
Nýsköpun og hagnýting þekkingar	leitað sér upplýsinga úr einföldum heimildum
Gildi og hlutverk vísinda og tækni	útskýrt hvernig tæknin nýtist í daglegu lífi
Vinnubrögð og færni	- sagt frá og framkvæmt einfaldar athuganir bæði úti og inni - aflað sér upplýsinga er varða náttúruna - hlustað á og rætt hugmyndir annarra - skráð atburði og athuganir s.s. með ljósmyndum eða teikningum og sagt frá þeim
Ábyrgð á umhverfinu	- tekið eftir og rætt að einhverju leiti atriði í umhverfinu, sýnt félögum og náttúru alúð - tengt skólann við nærumhverfið sitt - tekið þátt í að bæta eigið umhverfi og náttúru og gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar umgengni s.s. með flokkun úrgangs

Kennslufni og kennslugögn

Halló heimur

Komdu og skoðaðu bílinn

Komdu og skoðaðu hafið Ýmis verkefni af netinu sem tengjast umhverfinu

Kennsluhættir og námsaðlögun

Fjölbreyttar kennsluaðferðir t.d.: umræður, hópa- og einstaklingsvinna, vettvangsferðir, stöðvavinna, skapandi vinna og samþætting við aðrar námsgreinar.

Markmiðið er að allir nemendur séu virkir þátttakendur í kennslustundum og fái að njóta sín og taka þátt á eigin forsendum.

Námsmat

Leiðsagnamat, símat.

Heimilisfræði

Hæfniviðmið

Í heimilisfræði má finna tengingu á milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Því er kennslan samþætt með ofangreindum þáttum en opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) eru hafðar til hliðsjónar. Nemendur fá kennslu í að matreiða matinn á fjölbreyttan hátt og þekkingu á þeim næringarefnum sem tilheyra hverjum fæðuflokk.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Menningarlæsi	• unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar • unnið einföld verkefni í hópi
Matur og lífshættir	• tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti • farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif
Matur og vinnubrögð	• útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld • sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi
Matur og umhverfi	• sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni • skilið einfaldar umbúðamerkingar
Matur og menning	• tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð sam-skipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat

Kennslufni og kennslugögn

Heimilisfræði 2 ásamt ljósrituðu efni frá kennara

Kennsluhættir og námsaðlögun

Kennari og/eða stuðningsfulltrúi aðstoða nemendur sem þurfa að því að halda. Unnið er bæði í einstaklingsvinnu og hópavinnu. Bæði verklega og bóklega.

Námsmat

Nemandinn er metin út frá frammistöðu í tímum bæði bóklegri og verklegri.

Hönnun og smíði

Hæfniviðmið

Kennsla í hönnun og smíði á að taka mið af hæfileikum og getu einstaklingsins og stuðla að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt. Það getur falið í sér að endurgera eða breyta hugmynd eða hlut, t.d með tilliti til útlits eða virkni eða vinna með eitthvað nýtt og áður óþekkt. Í hönnunarkennslu lærir nemandinn að vera skapandi og hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Menningarlæsi	• unnið einföld verkefni í hópi tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt gengið frá eftir vinnu sína lagt mat á eigin verk.

Handverk	• valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt gert grein fyrir nokkrum smíðaeignum sem unnið er með.
Hönnun og tækni	• aukið þekkingu sína á ferli sköpunar með þeim hætti að nemandi beri virðingu fyrir hugmyndum sínum sem og annara.
Umhverfi	• beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.

Kennsluefni og kennslugögn

Hugmyndir af netinu, hugmyndabanki fyrir 1.-4. bekk. Byrjað er á því að vinna með við, s.s. krossvið, mdf, furu, stundum annað sem tilfellur. Áhöld sem hæfa hverju verkefni fyrir sig, - sandpappír, sög, málningu, hamar og fleira.

Kennsluhættir og námsaðlögun

Sýnikennsla, einstaklingskennsla, umræður og samvinnunám.

Námsmat

Byggist á símati kennara á vinnu nemenda. Kennari fylgist með ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemendans.

Myndlist

Hæfniviðmið

Í myndlist læra nemendur að tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýninn hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflíð. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunaraflsins.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Menningarlæsi	• geti skapað listaverk byggð á upplifun á alvöru hlutum eða hversdagslegu myndefni. • unnið einföld verkefni í hópi og gengið frá eftir vinnu sína.
Sjónlistir	• lýst og endurskapað endurtekið mynstur úr náttúrunni, umhverfinu og úr listaverkum. • skilgreint ýmis efni listar, t.d. leir, gerðir málningar og lita. notað mismunandi línur, form, liti og áferðir til að miðla hugmyndir eða tilfinningar í listaverkum.

Kennsluefni og kennslugögn

Kennd eru grunnatriði í teikningu ásamt frjálsri teikningu. Farið er í formin og hvar þau leynast í umhverfinu. Kennd eru grunnatriði í málun ásamt frjálsri málun. Kennd er litablöndun með ólíkum litum og útkomum. Notast er við myndlistarvörur sem tengjast þessu ásamt efni á neti og listabækur.

Kennsluhættir og námsaðlögun

Umræður, hópavinna, einstaklingsvinna. Nemendur taka virkan þátt í upplifun og könnun á viðfangsefnum hverju sinni. Þau fá góða innlög og kynningu á viðfangsefninu þannig að námsaðlögunin þróast hratt frá upphafi að lokaverki. Nemendur verða meðvitaðari um form í umhverfinu, hlutverki þeirra og víkka þannig sýn sína.

Námsmat

Óformlegt mat kennara á vinnu nemenda. Kennari fylgist með, ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans. Ábyrgð á umhverfi þar sem nemandi þrífur og gengur frá eftir sjálfan sig og hugar á umhverfisábyrgð sinni. Viðmót gagnvart starfsfólki og öðrum nemum.

Textílmennt

Hæfniviðmið

Textílmennt þjálfa nemendur í fínhyringum, samvinnu og eflir þrautseigju og elju. Hvernig við umgöngumst vinnustað og tæki hans. Unnin eru fjölbreytt verkefni þar sem nemendur fá tækifæri til að njóta sín og tjá sig með efnisvali eða skreytingum á verkefnum.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Menningarlæsi	notað vinnuleiðbeiningar í myndrænu formi.
Handverk, aðferðir og tækni	beitt viðeigandi áhöldum eins og skærum, nálum og öðrum áhöldum sem tengjast verkefninu
Sköpun, hönnun og útfærsla	útfær verkefnið sitt og unnið með hugmynd sína frá efni í fullunninn hlut.
Menning og umhverfi	tengt verkefnið sitt við notagildi hluta.

Kennsluefni og kennslugögn

Ljósrit í myndformi af verkefninu. Filt-efni, perlugarn, tölur, nál m/oddi og skæri.

Kennsluhættir og námsaðlögun

Bein kennsla, upplifun og umræður, sköpun og lausnar leitarnám. Þeir nemendur sem klára verkefnið fyrir fá aukaverkefni. Þeir nemendur sem vinna hægar fá auka aðstoð.

Námsmat

Nemandinn er metin út frá verklegum einstaklingsverkefnum.

Upplýsinga- og tæknimennt

Hæfniviðmið

Í upplýsinga- og tæknimennt eru hæfniviðmið aðalnámskrár sett fram í fimm flokkum en mikilvægt er að líta á þau sem heild. Hæfniviðmiðin eru vinnulag og vinnubrögð, upplýsingaöflun og úrvinnsla, tækni og búnaður, sköpun og miðlun auk siðferði og öryggismál.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Vinnulag og vinnubrögð	- fylgt fyrirmælum og nýtt tímann vel - borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnu - unnið með öðrum - verið jákvæður, kurteis og hlustað á aðra
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	- nýtt sér tæknina til gagns og ánægju - nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag - leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu
Tækni og búnaður	- kveikt og slökkt á tölvu - beitt tölvumús
Sköpun og miðlun	nýtt gagnvirk námsefni til stuðnings við annað nám
Siðferði og öryggismál	- notað umgengisreglur við tölvur og farið eftir þeim - farið eftir reglum sem gilda um ábyrga netnotkun

Kennslufni og kennslugögn

Námsvefir t.d. vefur Menntamálastofnunar - www.mms.is/krakkavefir, Multi 2b, 3a - (Unnið samhliða Sprota 2b og 3a), umferðarvefurinn, ýmis forrit og leikir í spjaldtölvum.

Kennsluhættir og námsaðlögun

Sýnikennsla og sjálfstæð vinnubrögð. Markmiðið er að allir nemendur séu virkir þátttakendur í kennslustundum. Að allir fái það svigrúm að taka þátt á sínum forsendum.

Námsmat

Símat.

Skólaþróttir

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá eru hæfniviðmiðin sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar varðandi heilsu og að síðustu öryggisþættir. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Líkamsvitund, leikni og afkastageta	sýnt nokkra boltatækni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum tekið þátt í stöðluðum prófum
Félagslegir þættir	unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum
Heilsa og efling þekkingar	- tekið þátt í útivist og búið sig til útiveru með tilliti til veðurs. Ratað um skólahverfi sitt og þekkt göngu- og hjólaleiðir nær umhverfi - áttað sig á hversu mikilvægt það er að halda hreinlæti.
Öryggis- og skipulagsreglur	farið eftir öryggis-, skipulags og umgengisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum

Kennsluefni og kennslugögn

Öll áhöld íþróttahús og sundlauga
Kennsluhættir og námsaðlögun

Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu.

Para og/eða hópaverkefni þar sem fleiri nemendur vinna saman í hópum. Dæmi um para-/hópaverkefni er þegar nemendum er skipt upp í lið eða hópa í hreyfileikjum eða þegar tveir nemendur eru látnir vinna saman í stöðvaþjálfun.

Nemendur sem eru með slakari færni fá fleiri endurtekningar og æfingar brotnar meira niður. Nemendur sem eru með hafa betri færni fá flóknari æfingar og fara lengri vegalengdir.

Nemendur af erlendum uppruna fá meiri sýnikennslu frekar en munnleg fyrirmæli.

Námsmat

Íþróttir:

Verkleg próf – Hæfni nemenda metin: *Framúrskarandi- Hæfni náð- Á góðri leið Þarfnast þjálfunar*
Verkleg próf í eftirfarandi þáttum verða metin:

- Hlaupapróf, sipp, liðleiki, jafnvægi, kollhnís, langstökk án atrennu, kasta bolta og grípa grjónapoka.

Áhugi og virkni:

- Framúrskarandi - Alltaf áhugasamur og virkur í kennslustund
- Hæfni náð - Oft áhugasamur og virkur í kennslustund
- Þarfnast þjálfunar - Sjaldan áhugasamur og virkur í kennslustund

Sund - Nemendur fá einkunn: Lokið – Ólokið.

Hæfnimat í formi verklegra prófa jafnt og þétt yfir skólaárið.

Nemendur þurfa að ná hæfni í að minnsta kosti þremur af fjórum hæfniþáttum til að ná 1. sundstigi.

Verkleg próf – Hæfni nemenda metin: *Framúrskarandi - Hæfni náð - Á góðri leið- Þarfnast þjálfunar - Hæfni ekki náð*

- Nemendur verða að geta staðið á botni í grynri hluta laugar, andað að sér og andlitið fært í kaf og andað frá sér (endurtekið 10 sinnum).
- Flot á bringu eða baki með eða án hjálpartækja (kútar).
- Ganga með andlit í kafi 2,5 m eða lengra.
- Bringusundsfótatök við bakka með eða án hjálpartækja

Fjölgreindarval

Hæfniviðmið

Nemendum á yngsta stigi er skipt í hóp á þvert á árganga. Í þessum hópum er brotið upp hefðbundið skólastarf og leitast eftir að hafa fjölbreytt viðfangsefni fyrir hvern hóp. Hóparnir byrja á því að fara einu sinni á hverja stöð og að því loknu geta nemendur valið sér stöð vikulega.

Fjölgreindakenning Howards Gardners er höfð að leiðarljósi sem gengur út frá því að mannleg greind skiptist í eftirfarandi sjö greindir:

- Málgreind
- Rök – og stærðfræðigreind
- Rýmisgreind
- Tónlistargreind
- Líkams- og hreyfigreind
- Samskiptagreind
- Sjálfsþekkingargreind
- Hann bætti síðar við þeirri áttundu, umhverfisgreind.

Kennsluaðferðir sem taka mið af fjölgreindarkenningu leggja áherslu á að allir hafi sérstaka hæfileika og kennslan tekur með af ólíkum greindum nemenda.

Kennslufni og kennslugögn

Fjölbreytt og breytilegt eftir kennara og stöð.

Kennsluhættir og námsaðlögun

Stöðvarnar eru ólíkar og því eru kennsluhættir margvíslegir. Kennsluhættir eru til dæmis tjáning, hópavinna, spil, leikir, útinám, vettvangsferðir, sýnikennsla og uppgötvunarnám.

Markmiðið er að allir nemendur séu virkir þátttakendur í fjölgreindarvali. Að allir fái það svigrúm að taka þátt á sínum forsendum.

Námsmat

Ekkert námsmat.

Forskóli Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

Hæfniviðmið

Forskóli Tónlistarskóla Reykjanesbæjar (TR) er skyldunám allra nemenda í 2. bekk í grunnskólum Reykjanesbæjar. Kennt er í litlum hópum, tvær kennslustundir á viku. Forskólanám er samþætt byrjendanám í tónfræðagreinum. Nemendur fá alhliða þjálfun í tónlist og sköpun. Hlustun, söngur, hrynjálfun, hreyfing og hljóðfæraleikur á skólahljóðfæri eru meðal þeirra þátta sem unnið er með. Einnig læra nemendur á blokkflautu og þurfa að æfa sig heima daglega. Stórtónleikar eru haldnir á vorönn í Stapa, í samstarfi við Lúðrasveit TR.

Unnið er út frá hæfniviðmiðum forskóla Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Hæfniviðmiðin eru markvisst tekin fyrir, allt skólaárið, með fjölbreyttum kennsluaðferðum.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Menningarlæsi	- sungið valin lög í hópi. - þekkt skólahljóðfærin og meðhöndlar þau á réttan hátt. - greint, túlkað, skráð og leikið einfaldan hryn. - þekkt valin hljóðfæri úr mismunandi hljóðfæraflokkum og hljóðblæ þeirra. - lesið og skráð nóturnar e', g', a', h', c'', d'' og spilað þær á blokkflautu. - greint eftir heyrn mismunandi tegundir tónlistar og tjáð sig um þær. - þekkt og gert greinarmun á eftirfarandi frumþáttum tónlistar: Tónhæð, tónlengd og styrk. - spilað með bekkjarfélögum sínum og farið eftir. - Getur meðhöndlað blokkflautu á ábyrgan máta. - tekið virkan þátt í verkefnum í kennslustundum. - átt góð samskipti þar sem gætt er að virðingu og ábyrgð, í kennslustundum og á tónleikum.

Kennslufni og kennslugögn

- Blokkflauta, skólahljóðfæri og óhefðbundnir hljóðgjafar
- Hljóðfæri v/hljóðfærakynninga
- Ýmislegt efni af veraldarvef
- Fjölbreytt hlustunarefni
- Námsbækur, sögubækur og ljóðabækur
- Ýmis verkefni frá kennara

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Söngur
- Hljóðfæraleikur
- Hljóðfærakynningar
- Hlustun
- Sköpun
- Hreyfing
- Leikir
- Einstaklingsvinna
- Hópavinna

Námsmat

Námsmat er á formi símats með tilliti til hæfniviðmiða Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.

Listir

Hæfniviðmið

Í Aðalnámskrá grunnskóla er hæfniviðmiðum lista skipt í sköpun, samskipti, menningu og umhverfi. Námsgreinin er bæði kennd aðgreind en einnig er leitast við að samþætta við aðrar námsgreinar.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Sköpun	• unnið út frá kveikju við eigin listsköpun • séð mynstur og hugsað í lausnum • öðlast skilning og reynslu sem ekki verður færð í orð
Samskipti	• þroskað persónulega tjáningu og smekk • útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að verki • hlustað á hugmyndir annarra og lagt fram eigin hugmyndir
Menning og umhverfi	• skoðað og metið eigin gildi og viðhorf

Kennsluefni og kennslugögn

Leiklist í kennslu,
Ýmsir vefir, tónlist, myndbönd
Pappír, listavagnar, búningar, tölvur/spjaldtölvur, spil og fl.

Kennsluhættir og námsaðlögun

Kveikja, umræður, verkefnavinna, spuni, einstaklings- og hópavinna.
Samþætting við aðrar námsgreinar. Áhersla á frumkvæði og sköpun.

Markmiðið er að allir nemendur séu virkir þátttakendur í kennslustundum. Að allir fái það svigrúm að taka þátt á sínum forsendum.

Námsmat

Símat og leiðsagnamat.